



FUNDARGERÐ

237. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 21. maí 2024
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Valtýr Valtýsson, Einar Bárðarson, Jón G. Valgeirsson og Anton Kári Halldórsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri 2024 - 2402060

Farið yfir ýmis rekstrarmál

Framkvæmdastjóri fór yfir ýmis mál tengdum rekstri SOR. Áhyggjuefni er að flokkun heimilisúrgangs hefur farið versnandi og voru ræddar leiðir til úrbóta eins og frekari kynning. Gerð var verðkönnun varðandi afsetningu á málmum og tengdum efnum og var tilboð frá Hringrás hagstæðast og er framkvæmdastjóra falið að vinna að samningi með fyrirvara um samþykki stjórnar.

2. Rekstaryfirlit 2024 - 2405040

Farið yfir rekstaryfirlit janúar-mars 2024.

Framkvæmdastjóri fór rekstur fyrstu þrjá mánuði ársins. Resturinn er í samræmi við áætlanir.

3. Stöðumat, áskoranir og tækifæri - Sorpstöð Rang. - 2402059

Ragnhildur frá Rögn ráðgjöf ehf leggur fram skýrslu um verkefnið Stöðumat, tækifæri og áskoranir.

Ragnhildur fór yfir skýrsluna, fyrirkomulag vinnunar, helstu niðurstöður, tillögur að næstu skrefum og forgangsriðun. Stjórn þakkar Ragnhildi fyrir góða vinnu.

4. Fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands 2024 - 2404105

325. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands lagður fram til kynningar

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45.



Eggert Valur Guðmundsson



Nanna Jónsdóttir



Tómas Birgir Magnússon

Eivín Björnsdóttir

